

**254. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 22. janúar 2025 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hrafnhildur Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Vilborg Guðný Valgeirsdóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Hjörvar Gunnarsson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Sýlvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Ingunn Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Einar Gestur Jónasson varaáheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri, Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri og Anna María Bráinsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2406253 - Frístundaheimili Akraneskaupstaðar - framtíðarsýn**

Skóla- og frístundaráð setur upp drög að verk- og tímaáætlun fyrir verkefnið. Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri frístunda- og forvarnarmála fylgir málinu eftir. *Verkefnastjóra frístunda- og forvarnarmála og sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram.*

**2. 2412027 - Starfsáætlun grunnskóla 2024-2025**

Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri Brekkubæjarskóla kynnir starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2024-2025.

Áheyrnarfulltrúar Brekkubæjarskóla sitja fundinn undir dagskrárliðum 2-4.

*Skóla- og frístundaráð staðfestir starfsáætlun Brekkubæjarskóla fyrir skólaárið 2024-2025 og þakkar Arnbjörgu fyrir góða yfirferð.*

**3. 2501261 - Skóladagatal 2025-2026**

Skóladagatal 2025-2026 lagt fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu.

Áheyrnarfulltrúar Grundaskóla sitja fundinn undir dagskrárliðum 3-4.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að skóladagatali fyrir skólaárið 2025-2026.*

**4. 2501236 - Farsældarþjónusta barna - tölulegar upplýsingar fyrir 2024**

Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna kynnir tölulegar

upplýsingar um þróun farsældarþjónustu barna 2024 og samanburð milli ára.

Áheyrnarfulltrúar leikskóla sitja fundinn undir dagskrárliðum 4-5.

*Skóla- og frístundaráð þakkar góða yfirferð og kynningu og fagnar þeim góða árangri sem farsældarþjónusta barna hefur náð.*

Áheyrnarfulltrúar grunnskóla víkja af fundi.

**5. 2412026 - Stytting vinnuvikunnar í leikskólum Akraneskaupstaðar**

Áframhaldandi umræða um leiðir til að mæta styttingu vinnuviku starfsfólks í leikskólum Akraneskaupstaðar.

*Sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram.*

Áheyrnarfulltrúar leikskóla víkja af fundi.

**6. 2402214 - Framkvæmdir við mannvirki á skóla- og frístundasviði - reglubundið yfirlit**

Anna María Þráinsdóttir fer yfir stöðu framkvæmda í stofnunum á skóla- og frístundasviði.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góða kynningu.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**